

Ahrif bráðabirgðastíflu á fisk og veiði í
 nokkrum þverám á Blönduheiðum sumarið 1988.
 Alitsgerð.

Sigurður Guðjónsson Janúar 1989
 Veiðimálastofnun
 Vistfræðideild VMSTR/89001X

VEIÐIMÁLASTOFNUN
 Bókasafn

Inngangur

Ævar Þorsteinsson, Enni, formaður Veiðifélags Blöndu og Svartár hefur beðið Veiðimálastofnun um að skila álitum um áhrif, af bráðabirgðastíflu við Reftjarnarbungu síðastliðið sumar, á veiði í heiðaanum sem leigðar voru út. Ennfremur spyr Ævar um hvort flóð sem varð þegar stíflan brást í vatnavöxtum hafi getað spillt seiðaframleiðslu og göngu fisks í Blöndu.

Stíflugerð

Stífla var gerð í Blöndu við Reftjarnarbungu sumarið 1988, til að vinna við bergþéttingu í stíflustæði væri möguleg. Samkvæmt upplýsingum Landsvirkjunar, stóð gerð stíflunnar frá 8. - 18. júlí 1988. Áin hefur væntanlega verið ófær fiski eftir þann 12. júlí. Flóð varð í ánni og brast stíflan þann 8. ágúst. Stíflan var aftur virk þann 17. ágúst. Unnið var við að opna stífluna dagana 21. - 29. september. Á meðan stíflan stóð var Blöndu hleypt í gegnum botnrás á fyrirhugaðri lónstíflu.

Ahrif stífluunar

Ljóst er að á meðan bráðabirgðastíflan var, var Blanda ófiskgeng með öllu við Reftjarnarbungu, þar eð straumhraði var það mikill í gegnum botnrás. Því hafa fiskgöngur á heiðarnar tafist fram á haust, það sem ekki var gengið áður en stíflan varð virk.

Veiði ofan stíflu

Leigutakar á heiðaanum voru tveir síðastliðið sumar. Annar leigði veiðirétt í Seyðisá, en hinn í ánum á Eyvindarstaðaheiði þ.e. Galtará, Haugakvísl og Herjólfslæk.

Í Seyðisá er aðallega bleikjuveiði og er stór hluti veiðinnar sjógengin bleikja. Seyðisá virðist vera eitt aðaluppeldissvæði sjóbleikju í vatnakerfi Blöndu. Þar er líka mest veitt af sjóbleikju í öllu vatnakerfinu.

Einnig veiðist í Seyðisá staðbundinn urriði.

Í ánum á Eyvindarstaðaheiði er mest um staðbundinn urriða, en einnig er þar nokkuð um bleikju og er einhver hluti hennar sjógengin. Lax hrygnir í þessum ám líka og hafa sum árin veiðst nokkrir laxar en önnur enginn.

Bleikjugengd í vatnakerfi Blöndu sumarið 1988 var rúmir 1200 fiskar. Hluti bleikjunnar hrygnir neðar í Blöndu og hluti gengur í Svartá. Þá er alltaf talsvert af bleikju sem hefur vetursetu í Blöndu þá væntanlega í Langadal, en sú bleikja gengur aftur til sjávar að vori. Stór hluti bleikjugöngunnar fer upp á heiði. Ljóst er að einungis lítill hluti af sjóbleikjunni hefur náð að komast upp fyrir Reftjarnarbungu áður en stíflan var gerð. Eitthvað af bleikju gekk upp á meðan stífla var opin eftir flóðið, eins og sést af merkjaskilum úr heiðaánum. Samt sem áður var það lítið magn. Reikna má með að um 90 % bleikjugöngunnar á heiðina hafi ekki komist upp fyrr en í endaðan september. Áhrif þess á veiði eru talsverð.

Í Seyðisá hefur eins og áður er getið verið mikil sjóbleikjuveiði. Hlutfall sjóbleikju af heildarveiði síðustu ár er illa þekkt stærð vegna þess hve veiði hefur verið skráð illa að undanskildu síðasta sumri (1988). Hins vegar má telja út frá merkjaendurheimtu og öðrum upplýsingum sem Veiðimálastofnun hafa borist að sjóbleikja sé að jafnaði um helmingur aflans í Seyðisá.

Hlutfall sjóbleikju í afla í ánum á Eyvindarstaðaheiði er minna og samkvæmt veiðiskýrslum vel innan við 10 % af aflanum þar. Í þessum ám var einnig tekið fyrir von um að veiða lax, sem er sá fiskur sem eftirsóknarverðast er að veiða.

Önnur áhrif stíflunnar og flóðsins

Um annan skaða af völdum flóðsins sem varð þann 8. ágúst þegar stíflan brast er lítið hægt að segja um. Ljóst er að flóðið var stórt á mælikvarða flóða sem orðið hafa í Blöndu.

Líklegt er að fiskur hafi hrakist undan í flóðinu.

Sýnt hefur verið fram á í fiskirannsóknunum í Blöndu að fiskur hrekst undan straum í flóðum í Blöndu. Þetta hefur væntanlega ekki valdið varanlegu tjóni svo teljandi sé heldur hafa áhrifin verið tímabundin það er seinkun á veiði, t. d. í Svartá ef fiskur á leið þangað hefur hrakist niður Blöndu. Gruggun á Blöndu vegna stíflugerðarinnar gæti hafa truflað fiskgöngu í stuttan tíma, en litur árvatnsins í Blöndu hefur afgerandi áhrif á ferðir fisks upp ána.

Einnig er líklegt að flóðið hafi haft óæskileg áhrif á seiðaframleiðslu og þá mest rétt neðan við stífluna. Á þeim slóðum er bleikjuuppeldi. Áhrifin hafa væntanlega dvínað smá saman eftir því sem neðar kemur í Blöndu. Hversu mikil þessi áhrif kunna að hafa verið er ekki hægt að segja til um.

Sent til Ólafs Jenssonar, Landsvirkjun
Jónatans Sveinssonar, lögfræðings
Ævar Þorsteinssonar, Veiðifélagi Blöndu